

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 12/2000**

frá 28. janúar 2000

**um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/1999 frá 24. september 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 325, 21.12.2000, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 21.12.2000, bls. 434.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB) í XIX. viðauka við samninginn:

„7e. **399 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 um tiltekna þætti í sölu neysluvara og ábyrgð þar að lútandi (Stjtið. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 4. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr. lesist orðið „sáttmáli“ sem „samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið“;
- b) Í 4. mgr. 6. gr. bætist orðin „íslenskur og norskur“ við í lok málsgreinarinnar.“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 7d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/27/EB) í XIX. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB frá 25. maí 1999 (Stjtið. EB L 171, 7.7.1999, bls. 12).“

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Gildistökudagur: 1.9.2000.